

Svar

atvinnuvegaráðherra við fyrirspurn frá Snorra Mássyni um kostnað vegna jafnréttismála og kynjafræði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver hefur verið árlegur kostnaður ráðuneytisins og undirstofnana þess frá árinu 2017 við þjónustu, ráðgjöf, stefnumótun og fræðslu sem útvistað hefur verið og tengist jafnréttismálum og kynjafræði? Svar óskast sundurliðað eftir viðtakendum greiðslna, tegund veittrar þjónustu og undirstofnunum sem í hlut eiga.

Svar ráðuneytisins tekur mið af starfsemi matvælaráðuneytis sem var og hét en það starfaði frá 1. febrúar árið 2022 þar til atvinnuvegaráðuneytið tók til starfa 15. mars sl. Undir matvælaráðuneytið heyrðu Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun og Fiskistofa, ásamt Landi og skógi (áður Landgræðslan og Skógræktin). Matvælaráðuneytið fór með aðgerð 17, um hins-egin sjávarútveg og landbúnað, í aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025, sjá eftirfarandi töflu yfir kostnað. Vegna kostnaðar við framkvæmd könnunar Maskínu fékk ráðuneytið úthlutaðan styrk úr framkvæmdasjóði hinsegin málefna. Allur kostnaður sem hlaut af verkefninu rúmaðist innan úthlutaðrar styrkfjárhæðar.

Rétt er að nefna tvær athugasemdir varðandi svör stofnana ráðuneytisins og skráningu í yfirlitstöflu:

1. Land og skógur.

Land og skógur hefur ekki greitt kostnað vegna jafnlaunavottunar þar sem ekki hefur unnist tími til að samræma verklagsreglur eftir sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar.

2. Mátis.

Um er að ræða opinbert hlutafélag sem heyrir undir ráðuneytið. Kostnaður vegna úttektar og innleiðingar vegna jafnlaunavottunar á umbeðnu tímabili var samtals 3.349.186 kr. m/vsk. Nánar tiltekið er kostnaðurinn við þjónustu vegna úttektar iCert ehf. samtals 1.950.950 kr. m/vsk og kostnaður vegna ráðgjafar frá Attentus – mannauði og ráðgjöf ehf. samtals 1.398.236 kr. Kostnaðurinn er ekki tiltekinn í eftirfarandi töflu yfir undirstofnanir.

Svar við fyrirspurninni má sjá í eftirfarandi töflu sundurliðað eftir árlegum kostnaði ráðuneytisins og undirstofnana þess frá árinu 2017 við þjónustu, ráðgjöf, stefnumótun og fræðslu sem útvistað hefur verið og tengist jafnréttismálum og kynjafræði. Svarið er sundurliðað eftir viðtakendum greiðslna, tegund veittrar þjónustu og undirstofnunum sem í hlut eiga.

Raðuneyti/stofnun	Viðskiptafélagi	Tegund	Lýsing	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	Samtals
Fiskistofa	BSÍ á Íslandi	Þjónusta	Jafnlaunavottun	-	189.202	324.558	275.496	463.480	281.260	76.000	269.500	1.879.496
Fiskistofa	Capacent	Ráðgjöf	Uppsættning jafnlaunakerfis		554.194							554.194
Fiskistofa	Háskóli Íslands	Fræðsla	Námskeið í jafnréttismálum				24.800				24.800	49.600
Hafrannsóknarstofnun	Ráður ehf.	Ráðgjöf	Jafnlaunavottun			376.365	1.343.865	2.411.250	846.000	898.875	1.228.500	7.104.855
Hafrannsóknarstofnun	Ráður ehf.	Þjónusta	Jafnlaunavottun			150.615						150.615
Hafrannsóknarstofnun	Veigja Grétarsdóttir	Fræðsla	Fræðsla um jafnréttismál og kynjafræði							100.000		100.000
Land og skógar	Auðnast ehf.	Fræðsla	EKKO fræðsla								150.000	150.000
Land og skógar	Auðnast ehf.	Fræðsla	EKKO fræðsla									110.000
Landgræðslan	iCert ehf.	Þjónusta	Jafnlaunavottun				558.000					558.000
Landgræðslan	iCert ehf.	Þjónusta	Jafnlaunavottun					241.800				241.800
Landgræðslan	iCert ehf.	Þjónusta	Jafnlaunavottun						260.400			260.400
Landgræðslan	iCert ehf.	Þjónusta	Jafnlaunavottun							378.200		378.200
Landgræðslan	Hanna Björg Vilhjálmsdóttir	Fræðsla	Fyrirlestur um kynjafræðslu			90.000						90.000
Landgræðslan	Þorsteinn V. Einarsson	Fræðsla	Fyrirlestur um kynjafræðslu			85.000						85.000
Matvælaráðuneyðið	Atlantus-Hannauður og ráðgjöf	Ráðgjöf	Frjálskvæmd launagreiðingar víjafnlaunavottunar								460.000	460.000
Matvælaráðuneyðið	Auðnast ehf.	Fræðsla	EKKO fræðsla							320.000		320.000
Matvælaráðuneyðið	Háskóli Íslands	Fræðsla	Námskeið víjafnlaunavottunar									154.000
Matvælaráðuneyðið	iCert ehf.	Ráðgjöf	Jafnlaunavottun							28.125		28.125
Matvælaráðuneyðið	iCert ehf.	Þjónusta	Jafnlaunavottun - úttekt								725.000	725.000
Matvælaráðuneyðið	Maskína rannsóknir ehf*	Þjónusta	Könnun víðgerðaráætlunar í hinsegin málefnum								774.338	774.338
Matvælastofnun	Versa vottun ehf.	Þjónusta	Jafnlaunavottun			100.440	300.068	279.259	349.095			1.028.862
Matvælastofnun	iCert ehf.	Þjónusta	Jafnlaunavottun							410.552	166.000	576.552
Skógræktin	iCert ehf.	Þjónusta	Jafnlaunavottun					180.319				180.319
Skógræktin	iCert ehf.	Þjónusta	Jafnlaunavottun						111.600			111.600
Skógræktin	iCert ehf.	Þjónusta	Jafnlaunavottun							378.200		378.200
Samtals				0	743.396	1.126.978	2.502.229	3.576.108	1.848.355	2.853.952	3.798.138	16.449.156